



Fundargerð hreppsnefndar 07. júní 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 7. júní 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 24. maí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 24. maí sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Hafnarnefndarfundur frá 21. maí sl.

Fundargerð hafnarnefndar frá 21. maí sl., lögð fram kynningar.

3. mál. Verkfundur vegna flotbyggjuframkvæmda dags. 15. maí sl.

Lögð fram verkfundargerð frá 15. maí sl., vegna flotbyggjuframkvæmda. Sveitarstjóri gerði grein fyrir aukakosnaði, sem nauðsynlegt var að bæta við verksamningsfjárhæð alls að fjárhæð um 2,5 m.kr., sem er vegna sérbúnaðar á pollum og festingum á bryggjunum.

Hreppsnefnd samþykkti, samhljóða, fyrir sitt leyti umgetinn viðbótarkostnað.

4. mál. Málefni hjúkrunarheimilisins Sundabúðar.

Lagt fram bréf HSA til Velferðarráðuneytisins dags. 30. maí sl. og minnisblað HSA frá 15. maí sl.

Jafnframt lagt fram vinnublað frá fulltrúa Velferðarráðuneytisins, sem sent var fulltrúum Vopnafjarðarhrepps 25. maí sl. Í því eru tillögur og hugmyndir um það hvernig hugsanlega megi aðlaga rekstur þjónustu sveitarfélagsins og HSA, við aldraða sem eru hjúkrunarþurfi á Vopnafirði. Um er að ræða ómótaðar tillögu, sem nauðsynlegt er að yfirfara mun betur í þeirri vinnu sem framundan er til þess að tryggja sem besta heilsugæslu- og öldrunarþjónustu á Vopnafirði.

Gerð var grein fyrir fundi sem haldinn var um málefnið 29. maí sl., þar sem fulltrúar HSA og Vopnafjarðarhrepps voru mættir. Á þeim fundi var samþykkt að halda áfram vinnu við það að skoða möguleika á því að tryggja sem besta heilbrigðis- og öldrunarþjónustu á Vopnafirði miðað við fjárveitingar til þessara mála á hverjum tíma. Á umræddum fundi var borinn fram tillaga af hálfu fulltrúa Vopnafjarðarhrepps um að fá aðstoð til þessarar vinnu með því að ráða hlutlausu sérfræðinga til verka með fulltrúum ríkisins og sveitarfélags er stilla myndu upp tillögum að lausn mála með tilliti til þess að þjónusta þessara málaflokka verði sem best leyst til framtíðar. Ennfremur var gerð grein fyrir fundi sem haldinn var um málefnið 6. júní sl. á Vopnafirði. Megin niðurstaða hans var að halda þessari vinnu áfram og reyna að flýta henni sem kostur er.

Lögð fram svofelld tillaga:

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps telur mikilvægt að reynt verði að hraða sem kostur er vinnu fulltrúa HSA, Velferðarráðuneytis og Vopnafjarðarhrepps, þar sem skoðaðir verði mögulegir kostir við það að halda uppi öruggri heilsugæslu og þjónustu við aldraða í heimabyggð miðað við fjárveitingar, sem veittar verða til þessara mála í framtíðinni.

Hreppsnefnd ítrekar einnig ósk sína um það að hlutlausir sérfræðingar verði ráðnir til verka í þessu sambandi til þess að auðvelda ofangreindum aðilum vinnuna og leiðbeina þeim bestu brautina. Í þeirri vinnu verði allra leiða leitað til þess að nýta fjármuni með hagkvæmum hætti og ná þannig fram góðri þjónustu á sviði heilbrigðismála hér eftir sem hingað til.”

Miklar umræður urðu um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Af umræðunum var ljóst að mál þetta liggur þungt á hreppsnefndarmönnum eins og reyndar Vopnfirðingum öllum.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál Drekasvæðið, fundir með fulltrúum þeirra þriggja fyrirtækja sem sótt hafa um sérleyfi o. fl. Fundirnir voru haldir í Reykjavík 29. maí sl.

Gerð var grein fyrir fundum sem fulltrúar Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar áttu með fulltrúum þeirra þriggja fyrirtækja sem sótt hafa um sérleyfi til ólíuleitar á Drekasvæðinu. Hér er um að ræða fyrirtækin Íslenskt Kolvetni ehf, Kolvetni hf. og Eykon Energy.

Á fundunum voru fulltrúm þessara fyrirtækja kynntir möguleikar til þjónustu við ólíuleitina í viðkomandi sveitarfélögum og afhent gögn í því sambandi sem unnin hafa verið af hendi sveitarfélaganna um þessi mál.

Til nánari útlistunar á þessu var lagt fram minnisblað frá fundunum tekið saman af fulltrúa Teikn á lofti. Jafnframt greint frá frekari vinnu sem í gangi er í þessum efnunum.

6. mál. Umhverfisstofnun bréf dags. 15. maí 2012

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 15. mars sl., þar sem gerðar eru nokkrar athugasemdir varðandi innkomið erindi frá Vopnafjarðarhreppi dags. 2. apríl sl., varðandi viðbragðs og neyðaráætlanir. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Í framhaldi samþykkti hreppsnefnd samhljóða að fela honum að ganga frá gögnum til Umhverfisstofnunar til samræmis við óskir stofnunarinnar.

7. mál. Félag leiðsögumanna með hreindýrum, bréf mótttekið 5. júní, ennfremur bréf frá Náttúrustofu Austurlands og Umhverfisstofnun

Lögð fram bréf frá félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum mótttekið 5. júní sl. og bréf frá 24. maí sl. frá Náttúrustofu Austurlands og Umhverfisstofnun. Í bréfunum er bent á margvísleg atriði er lúta að umgengni manna við hreindýr og náttúruna almennt.

Hreppsnefnd samþykkir að vísa erindunum til umfjöllunar í Landbúnaðarnefnd sveitarfélagsins.

8. mál. Ollasjoppa drög að þjónustusamningi

Lögð fram drög að þjónustusamningi milli Ollasjoppu og Vopnafjarðarhrepps, sem gengur út á það að Vopnafjarðarhreppur kaupir tiltekna þjónustu af Ollasjoppu, sem tekur mið af góðri þjónustu við ferðamenn og íbúa samfélagsins. Samningurinn gildir til reynslu í eitt ár.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóð fyrirliggjandi drög að samningi og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

9. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 31. maí sl.

Bent var á að nefndin ályktaði með mikilvægi þess að vegagerðin styrki áfram áætlunarflug til Vopnafjarðar og Þórshafnar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar

b) Bréf varðandi Kjörskrá, vegna forsetakosninga.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 17.05